



21. apríl 2006

Alþingi,  
Efnahags- og viðskiptanefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um verðbréfavíðskipti (65. mál) 655.

Við er í bréf nefndarinnar dags. 4. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV styðja lögfestingu frumvarpsins en vilja benda á eftirfarandi:

1. gr. A-liður

Undirliður a: Ekki verður séð að orðalagið „lífeyrissjóður og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á“ eigi sér stoð í upphaflegum texta tilskipunar. Mikilvægt er að reyna að hafa þetta sem skýrast og næst tilskipunartextanum til að forðast að búa til óvissu með slíku viðbótarsvigrúmi. Því er rétt að fella orðin „eftir því sem við á“ brott úr lagatextanum.

Undirliður e (i): Það væri skýrar að hafa orðalagið „næstliðna fjóra ársfjórðunga“ aftast í málsliðnum, til samræmis við orðalag tilskipunarinnar. Núverandi orðaröð gefur tilefni til að túlka ákvæðið á annan hátt en texti tilskipunar mælir fyrir um.

3. gr.

Í stað orðsins „innborgun“ í d-lið komi: innlán.

Skýring: Innlán er nákvæmari þýðing á orðinu „deposit“ úr tilskipuninni.

4. gr.

Orðin „markaðssett og/eða seld“ í niðurlagi a-liðar eru til samræmis við þegar útgefna reglugerð. SBV hafa hins vegar áhyggjur af því að þetta sé ekki nógu nákvæm þýðing á enska orðinu „placing“ í tilskipunartexta. Nákvæmara hefði verið að segja t.d. „boðin til sölu“. Hafa má í huga að í greinargerð með upphaflegu frumvarpi sem lögfest var á haustþingi var sérstaklega tekið fram í greinargerð að verið væri að vísa til enska hugtaksins „placing“ til að enginn vafi léki þar á. Hugsanlega væri lausn hér að halda óbreyttu orðalagi frumvarpstexta, en vísa sérstaklega til þess í nefndarátliti að átt væri við enska hugtakið „placing“.

7. gr.

Í stað „2. másl.“ í d-lið komi: 2. mgr.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri